

Nr. 051 / 13 Gammur BA 82**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7284
Smíðaður: Blönduósi 1987 plast
Stærð: 7,86 brl. 6,42 bt.
Mesta lengd: 8,57 m Skráð lengd: 8,45 m
Breidd: 2,9 m Dýpt: 1,69 m
Vél: Volvo 160 kW
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Gammur©Emil Páll Jónsson

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 15. maí 2013 var Gammur BA 82 á siglingu um 20 sml vestur af Blakksnesi. Veður: NA 10-12 m/sek.

Á siglingunni varð skipstjóri var við að lítið var eftir af olíu og í ljós kom að bakfallslögn frá olíuverki hafði farið í sundur svo slef af spísum rann niður í kjalsogið. Þar sem báturinn myndi ekki ná til hafnar á þeirri olíu sem eftir var fékk skipstjóri Júlíönu BA til að draga bátinn til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að bakfallslögnin frá olíuverkinu var olíupolin gúmmíslanga sem skipstjóri hafði nýlega skipt um og fest enda hennar með hosuklemmu upp á rör. Í ljós kom að hann hafði ekki hert hosuklemmuna nægjanlega vel.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.